

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR GISTISTAÐI, GISTISKÁLA

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Skilyrði þessi gilda fyrir gistiskála.	Rg. 1277/2016. 3,4,13 gr.	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðis. Á starfsleyfisumsókn skal koma fram fastanúmer fasteignar og eigandi/eigendur.	Rg 941/2002, 13. gr.	
1.3	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	Rg 941/2002, 13. gr.	
1.4	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	Rg 941/2002, 14. gr.	
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.	Rg 941/2002, 3. gr.	
1.6	Hundum, köttum eða öðrum dýrum má ekki hleypa inn í húsrýmið, undanskyldir eru hjálparhundar fatlaðra.	Rg. 941/2002, 19. gr.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal vera vel viðhaldið.	Rg 941/2002, 14. gr.	
2.2	Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu og baðaðstöðu. Ekki skulu fleiri en tíu manns um hverja fullbúna baðaðstöðu.	Rg 941/2002, 27. gr. Rg. 1277/2016 4.gr.	

2.3	Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætt á húðbruna almenns notanda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns í samræmi við 14.5.10.gr bygginarreglugerðar.	Rg. 941/2002, 14. gr.	
2.4	Gistingin getur verið ýmist í svefnskálum eða herbergjum með eða án rúmfata. Svefndýnur skulu vera útbúnar þannig að mögulegt sé að þrifa þær.	Rg. 1277/2016 10.gr.	
2.5	Eldhús og matsalur skal vera til staðar fyrir gesti með a.m.k.lágmarksútbúnaði til eldunar og til að matast.	Rg. 1277/2016 10.gr.	
2.6	Rúm skulu vera a.m.k. 2*0,9 m fyrir einn gest og 2*1,4 m fyrir tvo. Lesljós skulu vera við rúmmæði. Myrkvunargluggatjöld fyrir gluggum. Næturlausa skal vera eða aðgangur að síma og þá skal neyðarnúmer 112 vera sýnilegt á áberandi stað.	Rg. 1277/2016 5. og 8.gr.	
2.7	Loftræstikerfi skal viðhaldið og hreinsað reglulega. Viðhaldsbók fyrir kerfið skal vera til staðar.	Rg. 941/2002 14.gr.	
2.8	Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera ræstilaug og nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	Rg. 941/2002, 14. gr.	
2.9	Þar sem laugar eru til staðar fyrir gesti skulu merkingar og öryggis- og umgengisreglur vera til staðar.	Rg. 814/2010.	
2.10	Um aðbúnað að öðru leyti er vísað í lög og reglugerðir um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.	Rg. 1277/2016.	

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Gæta skal fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku. Allur búnaður skal vera hreinn og heill.	Rg. 941/2002, 27. gr.	
3.2	Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin fyrir nýja viðskiptavini. Til staðar skal vera skrifleg hreinlætisáætlun. Allsherjarhreingerningu og málun skal fara fram eftir þörfum.	Rg. 941/2002 11, 14 og 36.gr.	
3.3	Ávallt skal skipta á rúmfatnaði, handklæðum og öðrum hreinlætisbúnaði áður en nýjum viðskiptavini er vísað til gistiherbergis.	Rg. 941/2002, 27. gr.	
3.4	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	Rg. 941/2002, 14. gr.	
3.5	Þvottur skal þveginn við fullnægjandi aðstæður sem viðkomandi heilbrigðisnefnd samþykkir.	Rg. /941/2002, 27. gr.	

3.6	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir.	Lög nr. 6/2002.	
-----	--	--------------------	--

4. MATVÆLI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.	Lög nr. 93/1995	

5. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Lyf og hættuleg efni skulu geymd þar sem börn ná ekki til.	Rg 941/2002, 14. gr.	

6. LÓÐ OG UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1	Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	Rg 941/2002, 14. gr. og 18. gr.	
6.2	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólþ eftir því sem við á.	Rg 798/1999.	
6.3	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um meðhöndlun seyru	Rg 799/1999	
6.4	Sorpílát skulu vera fullnægjandi, heil, hrein og meindýraheld.	Rg 941/2002, 14. gr.	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti matvæla, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Flokkun gististaða sbr. lög nr. 85/2007 og reglugerð nr. 1227/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

- Flokkur II, III eða IV Gististaður án veitinga, Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum, Gististaður með áfengisveitingum : Gistiskáli (m.a.hostel).

Reykjavík 18/08/2018



Kristín Linda Árnadóttir